

Efni: Umsögn Ölfus vegna matskyldufyrirspurnar um eldi á laxaseiðum að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn

Vísað er til umsagnar Ölfus vegna matskyldufyrirspurnar Arnarlax í bréfi dagsettu 23. nóvember 2021. Þar var bent á nokkur atriði sem Arnarlax vill taka undir og svara.

1. Ekki er gert ráð fyrir að breyta frárennsli frá stöðinni með því að bæta við hreinsisíum, eins og fram kemur neðst í umfjöllun um strandsjó í kafla 5.2.1 í greinargerð fyrirspurnar. Eftirlit verður haft með frárennsli í samræmi við ákvæði starfsleyfis.
2. Haft verður eftirlit með ristum í frárennsli en bæði verða ristar í botni hvers kers og í safnkössum. Rauðar merkingar á meðfylgjandi mynd sýna staðsetningu safnkassa fyrir nokkur ker í senn.
3. Lífrænn úrgangur frá stöðinni verður ávallt geymdur í lokaðum ílátum.
4. Rými fyrir gönguleið meðfram strandlengjunni neðan við stöðina, sem kemur fram á aðalskipulagsupprætti, verður útfært í samráði við sveitarfélagið.
5. Mikilvægt er að vinnulýsing á svæði stöðvarinnar verði fullnægjandi til að tryggja öryggi og góðar vinnuaðstæður. Hugað verður að því að beina lýsingu niður að vinnusvæðum til að lágmarka ljósmengun.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Arnarlax
Hjörtur Methúalemsson

Viðhengi: Yfirlitsmynd af eldisstöð.



Efni: Umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna matskyldufyrirspurnar um eldi á laxaseiðum að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn

Vísað er til umsagnar Hafrannsóknarstofnunar vegna matskyldufyrirspurnar Arnarlax sem barst þann 24. nóvember 2021. Þar stendur:

"Fram kemur að tvöfaldar sleppivarnir verði viðhafðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, á sama hátt og verið hefur til þessa með mögulegri aðlögun varna að stærð seiða eftir breytinguna. Mjög takmörkuð umfjöllun er um varnir gegn slysasleppingum í tilkynningunni. Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt er að viðhafa öruggar varnir ekki síst þar sem um er að ræða frjóan eldislax af norskum stofni. Því er mikilvægt að slunarbúnaður/ristar séu í samræmi við stærð fiska og hefur Hafrannsóknastofnun eindregið mælt með að tromlusíur séu í frárennsli. Það á einnig við um þessa framkvæmd."

Tvöfaldar sleppivarnir eru frá hverju keri. Rist er í botni hvers kers og frárennslið frá hverju keri fer í gegnum safnkassa þar sem affalla-fiskurinn er fjarlægður. Einnig fer vatn um rist í affalli frá safnkassanum áður en það rennur til sjávar, sjá yfirlitsmynd í viðhengi þar sem seinni varnirnar frá hverju keri eru merktar með rauðu. Tryggt verður að opnun rista verði í samræmi við stærð seiða/fiska sem verða í eldi í stöðinni, í samræmi við ákvæði reglugerðar um fiskeldi nr. 504/2020. Ekki er fyrirhugað að setja upp tromlusíu að svo stöddu.

Hafrannsóknarstofnun bendir einnig á athugasemdir sem gerðar voru í eftirliti Matvælastofnunar þann 3. mars sl.:

"Eins og fram hefur komið hyggst framkvæmdaraðili ekki gera breytingar á eldisstöðinni. Hafrannsóknastofnun bendir á að við eftirlit Matvælastofnunar (3. mars. 2021) voru gerðar athugasemdir við þessa eldisstöð og var sérstaklega fjallað um sjöfrávik, þar af tvö alvarleg¹. Meðal atriða sem gerðar voru athugasemdir við var of mikil framleiðslumagn miðað við heimildir og skortur á upplýsingum um varnir gegn stroki og viðbrögðum komi til stroks. Þessi atriði eru sérstaklega tekin fram hér þar sem slysasleppingar og mengun frá fiskeldisstöðvum eru hluti af starfssviði Hafrannsóknastofnunar. Gera þarf grein fyrir hvernig brugðist hafi verið við athugasemdum um annmarka eldisstöðvarinnar ef það hefur verið gert. Sé raunin sú að ekki hafi verið gerðar úrbætur á eldisstöðinni eftir eftirlit Matvælastofnunar, þarf að bregðast við með viðeigandi úrbótum áður en eldi á laxi hefst".

Öllum athugasemdum sem snúa að vörnum og viðbrögðum gegn stroki hefur verið lokað eins og kemur fram í skýrslu um eftirfylgni Matvælastofnunnar sem framkvæmd var 7. apríl síðastliðinn, sjá skýrslu í viðhengi. Yfirlitsmynd af stöðinni hefur verið uppfærð þar sem seinni varnir hafa verið teiknaðar inn og keypt hafa verið silunganet til að endurheimta fisk ef upp kemur strok.

Einnig hefur verið brugðist við alvarlegu fráviki er tengist framleiðslumagni þar sem að frá 12.07.2021 er í gildi rekstrarleyfi fyrir hámarks lífmassa 900 tonn af bleikju en var áður fyrir ársframleiðslu á 200 tonnum. Frávikið snéri að því að framleiðslumagn hafi verið umfram útgefið rekstrarleyfi á þeim tíma þar sem framleidd hafi verið 276 tonn í lok árs 2020.

Varðandi þjálfun starfsfólks þá stendur til að þjálfa allt starfsfólk þegar starfsemi hefst aftur í stöðinni að Laxabraut 5 en engin starfsemi er í stöðinni eins og sakir standa.





Arnarlax vill einnig benda á að fyrirtækið hafði ekki tekið við rekstri stöðvarinnar að Laxabraut 5 þegar eftirlit fór fram þann 3. mars 2021 og að fyrstu athugasemdirnar komu fram.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Arnarlax
Hjörtur Methúalemsson

Viðhengi 1: Yfirlitsmynd af eldisstöð.

Viðhengi 2: Eftirfylgnisskýrsla Matvælastofnunar, dags. 13.4.2021.



Strandgata 1 Iceland
465 Bíldudalur (354) 456 0100

arnarlax.is
arnarlax@arnarlax.is